

sjóvátryggingarnefndar (sbr. till. til þingsál. á þgskj. 127).

Nefnd sú, er hæstv. deild skipaði til að rannsaka sjó- og stríðsvátryggingar landsstjórnarinnar og ihuga, hvort tiltækilegt sje, að landið taki á sig slíkar tryggingar, hefir nú lokið störfum sínum, og leyfir sjer að láta uppi svo látandi álit:

Nefndin sneri sjer bæði til stjórnarráðsins og Eimskipafjelags Íslands um sjótryggingaskýrslur, og voru þær góðfúslega látnar í tje. Eru skýrslur stjórnarinnar allitarlegar og hinar einnig sæmilegar, það sem þær ná, en þó hefir reynst allerrítt að gera sjer vel ljósa grein málsins samkvæmt skýrslum þessum.

Af stjórnarskýrslunum sjest, að fyrir sjó- og stríðstryggingar milli Vesturheims, Englands og Danmerkur hafa á tímabilinu frá 1. maí 1917 til 1. maí 1918 verið greiddar alls 1535144 kr. 88 a. og að á sama tímabili hafa verið endurgreiddar 804517 kr. 69 a., eða umframgreiðslur landsverslunarinnar orðið 730627 kr. 19 a. Hjer er þá um allmikla fjárhæð að ræða, sem landsverslunin hefir orðið að greiða, án þess neitt hafi í staðinn komið. Samt sem áður getur nefndin ekki lagt til, að landið taki tryggingarnar á sig, og kemur þar sjerstaklega til greina, að iðgjöldin fyrir gufuskíp hafa lækkað mjög síðustu mánuðina, svo að alt útlit er fyrir, að slík ráðstöfun myndi ekki spara landinu ýkjamikil útgjöld, eða svo mikið fje, að vert sje hjeðan af að breyta um. Hins vegar dylst nefndinni ekki, að fulllangt hefir verið farið í því að tryggja landið að fullu fyrir hverskonar áföllum, hvernig sem á hefir staðið, og væntir, að landsverslunin, eftir atvikum, dragi nokkuð úr tryggingarkostnaðinum, með því að sleppa smærri tryggingum eða hluta af þeim, er það má virðast hagkvæmt.

Við rannsókn og samanburð á framangreindum skýrslum hefir það komið á daginn, að bæði skipasjótryggingar og stríðstryggingar landsins hafa orðið mun hærri en tryggingar Eimskipafjelagsins. Þannig hefir t. d. Eimskipafjelagið greitt $1\frac{1}{2}\%$ í stríðstryggingu fyrir hverja ferð sinna skipa á árinu 1917 og $1\frac{1}{2}$ til 2% á árinu 1918, en landssjóður á árunum 1917 og 1918 greitt $1\frac{1}{2}$ — 2 — 3% fyrir Willemoes og Sterling, og $1\frac{1}{2}$ — $2\frac{1}{2}\%$ fyrir Ísland. Er hjer um allháar fjárhæðir að ræða, sem eigi er ósennilegt að komast hefði mátt hjá að einhverju leyti, að því er frekast sjeð verður. Í því sambandi virðist rjett að benda á, að tryggingar landsins hafa að miklu leyti verið í höndum eins fjelags (Trolle & Rothe, nú hlutafjelagið Trolle & Rothe) fram að síðustu áramótum, en það gat tæplega verið heppilegt, að öðru jöfnu, því að svo gat farið, að það fældi aðra frá samkefni.

Skipið Borg hefir 17. sept. 1917 verið stríðsvátrygt fyrir ferðina fram og aftur fyrir afarhátt iðgjald, 9— 20% , eða nálægt 14% að meðaltali, og það orðið samtals 157701 kr. 3 a. Er það lítt skiljanlegt, að skipið skuli, meðan

tryggingargjaldið var svo hátt, hafa verið trygt báðar ferðirnar, í stað þess að tryggja að eins aðra ferðina, og það því fremur, sem vitanlegt var, að skipið þurfti aðgerðar. Má vist telja, að tryggingargjaldið fyrir heimferðina í mars þ. á. myndi ekki hafa orðið öllu hærra en $4\frac{1}{2}\%$, svo að hjer er um alltilfinnanlega fjárhæð að ræða, er spara hefði mátt.

Loks hefir nefndin fengið til athugunar skýrslur landsverslunarinnar um skifting vátrygginga milli vátryggingarfjelaga fyrra missiri þ. á., og ber hún með sjer, að einu vátryggingarfjelagi hefir verið greiddur rúmur þriðjungur vátryggingargjaldanna, en hitt skiftist á önnur fjelög, og bendir það til þess, að landsverslunin hefir haft það hugfast, að samkepni yrði ekki útilokuð, enda tekist að ná tiltölulega aðgengilegri vátryggingarkjörum en áður var, og væntir nefndin fastlega, að framvegis verði unnið í þá átt.

Alþingi, 10. júlí 1918.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Magnús Torfason,
ritari.

H. Steinsson.